

96
22. nóv.

FISKIVEIÐAÐSAMÞYKKT

fyrir

Vestmannaeyjar.

I. KAFLI.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Vestmannaeyjar og nær til allra báta, sem ganga þar til fiskjar yfir vetrarvertíð og eigi eru stærri en 30 smálestir.

2. gr.

Frá 1. degi janúarmánaðar til 15. apríl, að báðum dögum meðtöldum, má eigi fara til fiskjar seinna að degi en kl. 12 á hádegi.

Frá 1. til 16. janúar má eigi fara til fiskjar fyr en kl. 5 f. h. Frá 16. janúar til 1. febrúar kl. 4½ f. h. Frá 1. til 16. febrúar kl. 4 f. h. Frá 16. febrúar til 1. marz kl. 3 f. h. Frá 1. marz til 15 marz, að báðum dögum meðtöldum, kl. 2 f. h., og frá 15. marz til 15. apríl kl. 1 f. h.

Þessi ákvæði gilda aðeins þegar róið er með línu, en ekki þegar róið er með net.

3. gr.

Nefnd sú, sem kosin er samkvæmt 5. gr. hér á eftir, gefur merki (ljós), þegar tíminn er kominn að nóttu til, og fyr má enginn bátur fara af stað, né sleppa niður festi. Þeir bátar, sem ekki fljóta á tímnum við hafnarfesti, mega flytja sig á meira dýpi á innri höfn, en verða að leggjast þar fyrir festum.

4. gr.

Formenn skulu gæta þess að leggja ekki á Leiðina of nærri hver öðrum, heldur með hæfilegu millibili. Þegar Leiðin er athugað, má eigi leggja bátum á hana hverjum á móti öðrum, heldur skal beðið eftir þeim bát, sem á Leiðina hefir lagt. Bátur, sem af sjó kemur, hefir forgangsrétt og fyrir vélbát gengur róðrabátur. Þegar margir bátar fara saman út eða inn Leiðina mega þeir ekki fara hraðar en með hálfri ferð.

5. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja kys ár hvert 5 bátaformenn í nefnd, til þess að gæta, að fyrirmælum þessarar samþykktar sé fylgt

og gefa merki, þegar burtfarartími samkv. 2. gr. er að næturlagi. **96**
 Enginn formaður í bænum getur skorazt undan kosningu. Ber gæzlu-22. nóv.
 mönnum að kæra fyrir lögreglustjóra brot gegn samþykktinni þegar,
 er þeim verður kunnugt um þau.

II. KAFLI

6. gr.

Allir bátar, sem fiskveiðar stunda við Vestmannaeyjar eru skyldir til að hafa veiðarfæri sín greinilega merkt. Skal þess vandlega gætt, að engin merki séu svo lík, að ekki sé auðvelt að greina á milli.

7. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar kýs árlega þriggja manna nefnd, er eftirlit hefir með því, að hlýtt sé ákvæðum 6. gr. Jafnframt skal nefndin halda nákvæma skrá yfir öll merkin. Síðan skal prenta merkjaskrá þessa og fær hver bátur eitt eintak gegn lágu gjaldi.

Kostnaður við prentun og skrásetningu merkjanna greiðist úr hafnarsjóði.

8. gr.

Aðkomubátar eru skyldir að tilkynna merki sín, áður en þeir byrja hér fiskveiðar. Nefndin gæti þess, að merki aðkomubáta séu eigi hin sömu eða of lík þeim, sem fyrir eru, og taki þau síðan á merkjaskrá, og sjái um að tilkynna þau opinberlega.

9. gr.

Enginn bátur má leggja þorskanet undir Sandi án útfara. Við hvert útfaraakkeri skal vera að minnsta kosti 5 faðma keðja. Við akkeri, sem vegur 25 kg. má í hæsta lagi leggja átta netum. Við akkeri, sem eigi vegur meira en 35 kg. má mest leggja 12 netum, og við akkeri, sem vegur 50 kg. má mest leggja 15 netum. Undir Sandi má eigi leggja lengri trossu en 15 neta. Útfarann skal hafa á þeim enda, sem fjær landi er og skal hann vera minnst 30 faðmar á lengd.

10. gr.

Dufl skulu útbúin með stöng, sem stendur upp í straumlausu, og flagg á úr stinnu efni, svo að það standi jafnan út frá skafti duflsins.

Að næturþeli skulu menn skyldir til að hafa ljósker á duflum sínum, þannig að hafi menn 2 netatrossur í sjó, þá hafi þeir ljósker á annari, en hafi þeir 3, þá tvö ljósker.

Skulu ljóskerin vera eins örugg og kostur er.

96

22. nóv.

11. gr.

Til frekara eftirlits með að ákvæðum fiskveiðasamþykktar þessarar sé hlýtt, kýs bæjarstjórn árlega 11 bátformenn, þó aldrei færri en svo, að áttundi hver formaður verði gæzlumaður.

12. gr.

Öll veiðarfæri, sem notuð eru gagnstætt ákvæðum samþykktar þessarar, mega umsjónarmennirnir taka og flytja í land, en tafarlaust skulu þeir tilkynna lögreglustjóra upptökuna og málavöxtu, og má hann með úrskurði ákveða að veiðarfærin skuli höfð í haldi unz eigandi eða umboðsmaður hans sýnir vottorð um það, að sá, er veiðarfærin voru upptekin fyrir, sé sýknaður með dómi, eða málsókn gegn honum fallin niður, eða að hann hafi greitt sektir þær, er honum hafa verið gerðar eða sett fullgilda tryggingu fyrir þeim.

13. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 25 til 500 króna, sem renna í bæjarsjóð. Viðurlög við brotum á 2. gr. ferfaldast við hverja ítrekun brotsins upp í hámark sektar.

14. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

15. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. janúar 1930, og er þá jafnframt fallin úr gildi fiskveiðasamþykkt fyrir Vestmannaeyjar frá 16. nóv. 1925, og samþykkt að viðauka við fiskveiðasamþykkt fyrir Vestmannaeyjar frá 16. nóv. 1925, frá 16. marz 1927.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefir gjört samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóvember 1917, sbr. lög nr. 21, 27. júní 1925, staðfestist hérmeð og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. nóvember 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.